

30. tbl.

31. ágúst 2022

29 árg.

# Hlaupastelpan

Útgefandi og ábyrgðarmaður: Dagný Pétursdóttir-hlaupastelpan@isl.is - s: 8953386

## Hrossadalur - Hamragil



**Ferðanefnd Bjarma** stendur fyrir gönguferð þriðjud. 6. sept. kl 16:30. Göngufólk komi saman við bílastæðið á Víkurskarði og gengið verður suður Hrossadal með viðkomu hjá gömlu réttinni. Þaðan haldið áfram til suður en svo gengið niður með Hamragilinu og komið niður norðan við Hrísgarði. Þar verða bílar til að ferja fólk til baka að bílastæðinu. Þetta er ekki mjög krefjandi ganga, áætlaður tími 3 – 3,5 klst. vegalengd ca. 10 km. Þeir sem vilja styttri ferð geta gengið til baka frá réttinni.

Allir velkomnir  
Frekari upplýsingar gefa Nanna s. 8626240  
og Sigrún 8991010



## Kynning skipulags- og matslýsingar vegna vinnu við gerð deiliskipulags Hóla og Laugum.

Fimmtudaginn 1. september verður haldinn kynningarfundur að Breiðumýri frá kl 15 – 16 vegna skipulagsgerðar í þéttbýlinu Laugum. Hægt verður að koma og kynna sér fyrirhugaða vinnu, ræða um áformin og koma með tillögur. Allir sem áhuga hafa á vinnunni eru hvattir til að koma og fá sér kaffi og eiga spjall um núverandi stöðu og framtíðarsýn svæðisins.

Atli Steinn Sveinbjörnsson, skipulagsfulltrúi

## Fréttapistill frá E-lista

Nú er orðið þarft að upplýsa íbúa sveitarfélagsins um það helsta sem talist getur frásagnarvert frá því að síðasti pistill var birtur í byrjun sumars. Það er mikið framundan, en byrjum á ráðningu sveitarstjóra.

Nýlega var auglýst eftir sviðsstjóra stjórnslusviðs hjá Þingeyjarsveit. Tekið var fram að um væri að ræða stöðu æðsta stjórnanda sveitarfélagsins og auglýsingin öll bar þess merki að verið væri að auglýsa eftir sveitarstjóra. Þingeyjarsveit hafði ekki heimild til að auglýsa eftir sveitarstjóra til starfa því undirbúningsstjórnin sem vann að undirbúningi sameiningarinnar í aðdraganda kosninga hafi meðal annars gert þær breytingar á samþykktum sveitarfélaganna tveggja, að nýtt sveitarfélag hefði engan sveitarstjóra, heldur þrjá sviðsstjóra. Eins og allir vita hafði meirihluti nýrrar sveitarstjórnar aðra stefnu og nú hefur borist staðfesting frá innviðaráðuneytinu um að þær breytingartillögur sem E-listinn lagði fram hafi verið samþykktar í ráðuneytinu.

Það bárust 10 umsóknir um starfið . Þakkarvert er hvað viðbrögð við umræddri auglýsingu voru góð og margir góðir umsækjendur. Úrvinnsla gagna stendur nú yfir með tilheyrandi viðtölum í samráði við ráðninga- og ráðgjafafyrirtækið Hagvang og mun niðurstaða liggja fyrir innan skamms. Starfsfólk sveitarfélagsins er og hefur verið þungamiðjan í starfseminni í sumar og á skilið miklar þakkir fyrir þolinmæði á meðan mál hafa verið að skýrast. Það býr mikill auður í okkar góða fólki og fyrir það ber að þakka. Það er nefnilega svo magnað að þó að það sé tekist á uppi í brú þá gengur vélin og skipið siglir áfram.

Það er gaman að segja frá því að Aðalbjörn Jóhannsson hefur verið ráðinn í starf tómtunda- og æskulýðsfulltrúa Þingeyjarsveitar. Um er að ræða nýtt starf innan sveitarfélagsins og varðar verkefni sem tengjast leikskólum, grunnskólum, frístundastarfi, forvörnum og lýðheilsu ásamt mörgum öðrum fjölbreyttum viðfangsefnum.

Þessa dagana er allt að fara í gang eftir sumarfrí. Verkefni framundan eru ærin. Þar má nefna áframhaldandi samræmingu kerfa sveitarfélaganna, uppgjör gömlu sveitarfélaganna og áframhaldandi sameiningarvinnu á öllum sviðum, bæði faglegum og mannlegum. Uppfæra þarf stefnur og

markmið og þessa dagana eru nefndir að taka til starfa. Skólasamstarf, endurskoðun Aðalskipulags, endurskipulagning sorpmála m.t.t. nýrra laga um meðhöndlun úrgangs, heimasíðan, gjaldskrár og húsnæðismál sveitarfélagsins eru meðal þess sem er á verkefnalista framundan.

Á dögnum fóru nokkrir af frambjóðendum E-lista um Bárðardal og fengu að skoða umgjörð umdeilda mála, virkjunarsvæði Svartár-virkjunar og Einbúavirkjunar, auk þess sem skoðuð voru virkjunarhús Eyjardalsár. Það er nauðsynlegt að kynna sér málin frá öllum hliðum og því gott að fara á staðinn og skoða aðstæður. Allt snýst þetta um að taka eins góðar og upplýstar ákvarðanir eins og hægt er. Þetta var skemmtileg ferð og hópurinn ræddi ýmis mál á leiðinni enda Bárðardalur langur. Þetta er eitthvað sem fulltrúar E-lista munu gera meira af, þ.e. fara um svæðið okkar.

Kveðja frá E-lista

## Hlaupastelpan

er gefin út á miðvikudögum, velflestar vikur ársins,

Auglýsingum þarf að skila á **mánudögum fyrir kl. 15:00.**

### **Verðskrá:**

*Hálfsíðuauglýsing* kr. 4.200– m.vsk

*heilsíðuauglýsing* kr. 6.100.–m vsk.

Auglýsingar skal senda á netfangið [hlaupastelpan@isl.is](mailto:hlaupastelpan@isl.is)

Allar nánari upplýsingar er hægt að fá í síma 8953386.

Hlaupastelpunar er að finna á heimasíðu Þingeyjarsveitar

<https://www.thingeyjarsveit.is/is/hlaupastelpan>

Dagný Pétursdóttir

s. 8953386